

AUGLÝSING

um bann eða takmörkun á innflutningi og varúðarráðstafanir vegna matvæla og fóðurs sem innihalda mjólk, mjólkurafurðir, soja eða sojaafurðir eða hjartarsalt, og eru upprunnar í Kína eða eru fluttar frá Kína.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á matvælum og fóðri, hér eftir nefndar vörur, sem innihalda mjólk eða mjólkurafurðir og soja eða sojaafurðir eða hjartarsalt, og eru upprunnar í Kína eða eru fluttar frá Kína.

2. gr.

Bannað er að flytja til landsins eða markaðssetja vörur sem falla undir þessa auglýsingu og innihalda mjólk, mjólkurafurðir, soja eða sojaafurðir, sem sérstaklega eru ætlaðar fyrir ungbörn og smábörn, eins og þau eru skilgreind í reglugerð nr. 757/2002 um sérþæði, reglugerð nr. 140/2003 um barnamat fyrir ungbörn og reglugerð nr. 925/2008 um markaðssetningu ungbarnablandna úr tilteknum mysupróteínum.

3. gr.

Matvælastofnun skal hafa sérstakt eftirlit með öllum samsettum vörum sem eru upprunnar í Kína eða fluttar eru frá Kína sem falla undir þessa auglýsingu og innihalda mjólk, mjólkurafurðir, soja og sojaafurðir og hjartarsalt (ammóníum karbónat) sem notað er til matargerðar. Heimilt er að taka sýni af handahófi af vörum með hátt prótíninnihald sem upprunnar eru í Kína eða fluttar eru frá Kína.

Innflutningseftirlitið skal framkvæmt með skoðun á vörum, skjölum og sýnatöku. Óheimilt er að dreifa umræddum vörum nema niðurstöður úr sýnatöku leiði í ljós að magn melamíns í vörunni sé innan við 2,5 mg/kg. Öllum vörum þar sem magn melamíns í vörunni fer yfir 2,5 mg/kg skal fargað. Matvælastofnun skal jafnframt tilkynna um slíkar vörur inn í evrópska viðvörunarkerfið (RASFF).

Ef vörur sem tilgreindar eru í 2. gr. eru á markaði hérlendis við gildistöku auglýsingarinnar skal þeim fargað án tafar. Vörur sem eru á markaði og innihalda mjólkur-, sojaafurðir eða hjartarsalt, skv. 1. mgr. 3. gr. skulu rannsakaðar og þeim fargað ef magn melamíns í vörunni fer yfir 2,5 mg/kg.

Allur kostnaður við eftirlit, rannsóknir og förgun samkvæmt auglýsingu þessari skal greiddur af innflutnings- og dreifingaraðilum eftir því sem við á.

4. gr.

Innflutnings- eða dreifingaraðilar sem flytja inn eða dreifa vörum sem auglýsing þessi tekur til, skulu senda Matvælastofnun tilkynningu og gögn um fyrirhugaðan innflutning ásamt upplýsingum um áætlaðan komutíma.

5. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar, sbr. 6. gr. og 22. gr. laga nr. 93/1995 og laga nr. 22/1994 um eftirlit með áburði, sáðvöru og fóðri, hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar auglýsingar sé framfylgt.

6. gr.

Um valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum og ákvæðum laga um eftirlit með áburði, sáðvöru og fóðri nr. 22/1994.

7. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 27., 28. og 29. gr., sbr. 18. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum, 7. gr. laga um eftirlit með áburði, sáðvöru og fóðri nr. 22/1994 og með hliðsjón af ákvörðunum nr. 798/2008/EB og 921/2008/EB.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 935/2008.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 15. janúar 2009.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. janúar 2009